

Spjallað við unga bændur:

Ævintýramennska að hefja búskap eins og verðlagi er háttað

— segir
Björn
Magnússon,
bóndi,
Hólabaki

MÓ-Reykjavík — Það var erfitt að byrja búskap þegar ég byrjaði, en ég tel að það sé gersamlega ófært nú, sagði Björn Magnússon bóndi á Hólabaki í viðtali við Tímann. Í upphafi hóf ég búskap í Hnausum með föður mínum, og gat því byrjað án þess að leggja í miklar fjárfestingar. Síðan keypti ég jörðina Hólabak árið 1972, og þá kostaði jörð og bú 4 millj. kr. Ekki gat ég fengið nema 400 þúsund kr. fóst lán til þeirra kaupa svo vissulega var það erfitt.

Síðan varð ég fyrir tveim árum að ráðast í byggingu á fjósi, og sú fjárfesting er nú komin í um 15 millj. kr. Fóst lán til þessara fjárfestinga er ekki nema um helmingur af kostnaði. Það má því segja, að þetta sé hrein ævintýramennska og vonlaust, að þetta geti nokkru sinni staðið undir sér með núverandi verðlagi og fyrirgreiðslu til landbúnaðarins.

Það, sem gerir þetta hvað erfðast, er hve vaxtakostnaðurinn er gífurlegur. Ég er að vísu ekki endanlega búinn að taka saman hvað ég þarf að greiða í vexti á síðasta ári, en það er örugglega nokkuð á aðra milljón bæði af fjárfestingu og rekstri.

En í varðlagsgrundvelli landbúnaðarvæðinga er ekki gert ráð fyrir að vaxtakostnaður sé nema rúm 200 þúsund. Er því ljóst að verulega hallar á hjá mér jafnvel þótt ég sé með nokkuð á annað vitlúbulu. Og þessa auknu vaxtabyrði get ég hvergi tekið nema af mínum launum.

Þessu til viðbótar kemur svo að fjölmargir aðrir liðir í verðlagningu landbúnaðarins eru



Fedgarnir að Hólabaki Björn Magnússon og Ingvar sonur hans gefa kúnum. Björn er nú að ljúka við að byggja fjós yfir 45 mjólkurkúr auk geldneyta.

rangir og kostnaðarliðir allt of lágt reiknaðir. Allt verður þetta til þess að launin minnka og bóndinn og hans fjölskylda hefur minna til þess að lifa af.

Nú er svo komið, að samkvæmt verðlagsgrundvelli eru launin aðeins helmingurinn af því, sem bóndinn á að fá fyrir sínar vörur. Hitt fer í ýmsan kostnað, eins og áburðarkaup, fodbæti, vexti og sitthvað fleira.

En þegar svo fjölmargir kostnaðarliðir eru of lágir áætlaðir, verður það til þess að launin minnka verulega í krónutölu og sífellt gerist erfiðara að láta enda ná saman.

Það er því ljóst, að það verður að taka stefnuna í landbúnaðarmálum til gagnerrar endurskoðunar, ef hrun á ekki að blasa við. Stjórnvöld verða að fara að huga betur að landbúnaðinum og hlúa að honum svo hann geti sinnt hlutverki sínu.

Það er að sjálfsgöðu engin „patentlausn“ til á þessum málum, en fyrst af öllu verður að taka verðlagninguna til endurskoðunar og gera hana raunhæfa, þannig að bóndinn fái það sem honum ber.

Einnig verður að leysa fjárhagsvandræði Stofnlánadeildarinnar svo hún geti sinnt sínu

hlutverki. Jafnframt verður að sjá til þess, að mismunurinn milli þeirra, sem standa í framkvæmdum og þeirra, sem fjárfestufyrir nokkrum árum, verði ekki jafn mikill og nú er.

En með því að hafa farið út í jafnmiklar fjárfestingar í búskapeins og ég hef gert, er maður búinn að binda sig í báða skó. Ég get ekki losnað við þessar fjárfestingar á raunhæfu verði, því það er ófært fyrir nokkurn að kaupa þær því verði sem þær kosta.

Því er mér og öðrum, sem líkt er ástatt fyrir, nauðugur einn kostur að halda áfram meðan nokkur leið er. Við verðum að

vinna alla daga, því ekki hefur maður ráð á að taka sér afleysingarmann.

Það er því eins og ég sagði aðan hrein ævintýramennska að fara út í búskap nú á dögum. Því verður hér að verða á alger stefnubreyting, enda er ófært annað en halda áfram að framleiða landbúnaðarvörur í landinu.

Ég tel, að forustumenn bænda verði nú að fara að vera harðari í kröfugerð fyrir okkur, en þeir hafa verið, og jafnframt verður að krefjast þess af stjórnmalá mönnum, að þeir láti hlut landbúnaðarins ekki enn um sinn eftir liggja.

Handbók bænda



Ætlar þú að smíða gæðing, eða gott hús?



Við höfum á lager: Smíðatímur, allar algengar stærðir / Þurrkað smíðatímur / Þípiötur / Úrvall. Mótatímur / Sperruflni / Þakjárn. Steypustál / Heflaða trélista. Einangrunarefni.

Hvort sem um er að ræða föndur eða framkvæmdir, efniviðurinn fæst hjá okkur.

Hafið samband við sölumenn.

HÚSASMÍÐJAN HF

Súðarvogi 3, Reykjavík. Sími 86365.

Hjá Búnaðarfélagi Íslands er kominn út 27. árgangur Handbókar bænda. Að venju er mjög fjölbreytilegt efni í bókinni. Þar er að finna upplýsingar um helztu stofnanir, félög og fyrirtæki, sem eru tengd landbúnaði. Þá eru upplýsingar um bændaskólana og garðyrkenskólann, m.a. inntöku-skilyrði. Ítarlegar upplýsingar eru um lánareglur stofnlánadeildar landbúnaðarins. Þá er útdráttur úr Jarðalögum og lögum um ábúð. Einnig eru þar helztu atriði úr lögum um flokkun og mat á gærum og ull. Samtals er 31 faggrein í Handbókinni. Þar eru teknir fyrir flestir þættir landbúnaðarins. Allt er þetta nýtt efni, sem ekki hefur birst áður á prenti. Mjög gagnlegar leiðbeiningar eru fyrir hestamenn um föðrun og meðferð hrossa. Þar er samþjappaður fróðleikur, sem ætti að koma hestamönnum að verulegu gagni. Þá er skrá yfir stóðhesta, sem hrossaræktar-

samböndin áttu á síðastliðnu hausti. Þar sem minkaræktin er farin að skila verulegum arði á þeim búum, sem náð hafa tökum á henni, munu eflaust ýmsir hugsa til hreyfings og setja á stofn minkabú. Því eru tímabærar leiðbeiningar í Handbókinni

um minkarækt. Samtals eru greinar eftir 24 höfunda í bókinni. Hún er 278 bls., prentuð í Gutenberg. Ritstjóri Handbókarinnar er Jónas Jónsson. Bókin fæst hjá Búnaðarfélagi Íslands og hjá flestum formönnum hreppabúnaðarféлага í landinu.

Hótelhúsnæði til leigu

Til leigu er hótelhúsnæðið að Rauðarárstíg 18, Reykjavík. Frestur til að skila tilboðum er til 26. jan. 1977. Allar nánari upplýsingar veitir Alvar Óskarsson, Rauðarárstíg 18.

Húsbyggingasjóður Framsóknarfélaganna í Reykjavík.